

Viðauki 3b

Þjónusta samnings

1 Inngangur

Hér er skilgreind sú þjónusta sem samningsaðilar semja um.

2 Þjónusta viðsemjanda

2.1 Símaumferð

2.1.1 Lúkning símaumferðar Símans

Þjónustan felur í sér lúkningu á símtali frá samtengingarpunkti til hefðbundins símanúmers í fastaneti viðsemjanda.

2.1.2 Lúkning símaumferðar Símans í farsímakerfum viðsemjanda

Þjónustan felur í sér lúkningu á símtali frá samtengingarpunkti til símanúmers í farsímakerfi viðsemjanda.

2.1.3 Aðgangur að gjaldfrjálsum þjónustunúmerum (800-númer)

Þjónustan felur í sér lúkningu símtala á sama hátt og um hefðbundin símanúmer væri að ræða með þeirri breytingu að viðkomandi þjónustuveitandi 800-númersins greiðir símareikninginn. Viðsemjandi greiðir því Símanum hefðbundið gjald fyrir uppruna símtalsins.

2.1.4 Aðgangur að símtölum á yfirverði (900-númer)

Þjónustan felur í sér lúkningu símtala þar sem upplýsingar eru gefnar um gjalddöku í viðkomandi númeri áður en tenging á sér stað. Síminn þarf að greiða viðsemjanda sérstaka lúkningu.

2.1.5 Aðgangur að internetþjónustu viðsemjanda

Þjónustan felur í sér aðgang að internet innhringingu sem tengd er neti viðsemjanda.

2.2 Forval

2.2.1 Aðgangstenging

Þjónustan felur í sér flutning á umferð frá hefðbundnu símanúmeri í fastaneti viðsemjanda til samtengingarpunkts við kerfi Símans. Þjónustan er veitt með hliðsjón af reglum Póst- og fjarskiptastofnunarinnar um forval.

2.2.2 Forval (valið forval)

Þjónustan felur í sér aðgang notenda viðsemjanda að neti Símans með því að velja á undan símanúmeri ákveðið forskeyti (4 stafa á bilinu 1000 til og með 1100). Sjá nánar reglur Póst- og fjarskiptastofnunarinnar um forval og fast forval í talsímanetum.

2.2.3 Fast forval (sjálfgefið forval)

Þjónustan felur í sér aðgang notenda viðsemjanda að neti Símans án þess að notandi þurfi að velja á undan ákveðið forskeyti. Sjá nánar reglur Póst- og fjarskiptastofnunarinnar um forval og fast forval í talsímanetum.

2.3 Merkjaumferð

2.3.1 Lúkning SMS skilaboða.

Þjónustan felur í sér lúkningu á SMS skilaboðum.

2.4 Númeraflutningur

Þjónustan felur í sér flutning á númeri eða númerum frá viðsemjanda til Símans. Öllum símtölum í viðkomandi númer er beint til Símans. Númerin er hægt að flytja sem einstök númer eða í samfelldum 10 númera einingum.